til laga um að sýslumenn og bæjarfógetar megi fela öðrum sjerstök störf.

Flutningsmaður: Þorleifur Jónsson.

1. gr.

Sýslumönnum og bæjarfógetum skal heimilt, á sinn kostnað og ábyrgð, að fela hreppstjórum eða sjerstökum umboðsmönnum sínum að halda manntalsþing og uppboð, hvers konar sem er, svo og stýra fundum sýslunefnda, ef forföll banna þeim sjálfum að framkvæma þessi störf. En skýra skulu þeir stjórnarráðinu frá slíkum ráðstöfunum í hvert skifti.

2. gr.

Á manntalsþingum og uppboðum, er ólöggiltir umboðsmenn dómara halda, má eigi neitt rjettaratriði úrskurða.

3. gr.

Lögákveðnum uppboðslaunum sínum halda hreppstjórar við öll uppboð, er þeir halda fyrir sýslumenn.

Greinargerð.

Störf þau, er hjer um ræðir, eru þannig löguð, að sýslumenn og bæjarfógetar ættu að mega, ef nauðsyn rekur til, fela framkvæmd þeirra áreiðanlegum trúnaðarmönnum sínum, á sína ábyrgð, þótt ekki verði slíkir menn settir fyrir þá eða sjerstaklega löggiltir til þess af stjórnarráðinu, enda gert ráð fyrir, að rjettarúrskurðir komi ávalt undir dómarann sjálfan eða annan reglulega löggiltan mann. Í sýslum, sem erfiðar eru yfirferðar, ekki síst þar, sem tvö sýslufjelög heyra undir sama yfirvald, getur þessarar heimildar verið full þörf, þegar forföll, eða jafnvel miklar annir á öðrum stað, banna eða gera sýslumönnum nærri ókleift að gera öll þessi störf á vissum tímum, störf, sem þó helst ekki mega bíða um skör fram. Sumsstaðar geta einnig ófærur gersamlega hindrað það, að sýslumaður nái að komast til þess að framkvæma störfin, þótt ákvörðuð væru, en hann gæti þó, ef símasamband er milli staðanna, í skyndi falið þau umboðsmanni (enda nokkuð undirbúið það fyrirfram), svo að verkin ekki hindruðust.

Engin aukin útgjöld fyrir ríkissjóð hefir þetta í för með sjer, — því að sýslumenn fela nú orðið hreppstjórum uppboð með litlum takmörkunum (t. d. við strönd o. fl.), ef svo býður við að horfa, og halda hreppstjórar gjaldi sínu.